

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Súðavíkurhrepps nr. 446/1992.

1. gr.

12. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Hreppsnefnd heldur reglulegan fund í hverjum mánuði. Fundi skal halda annan fimmtudag hvers mánaðar kl. 20.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati sveitarstjóra og oddvita hreppsins. Skyrt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

2. gr.

14. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsþúum skal kunnert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

3. gr.

15. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna, svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 55. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það á skrifstofu hreppsins skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem sveitarstjóri telur nauðsynleg. Fundargerð síðasta hreppsnefndarfundar skal að jafnaði send út eigi síðar en viku eftir fund.

4. gr.

16. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn bréflaga á hreppsnefndarfund og kynnt þeim dagskrá fundarins.

5. gr.

17. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. 6 klst. fyrir fund.

6. gr.

4. töluliður 56. gr. B samþykktarinnar orðist svo:

Félagsmálanefnd. Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Félagsmálanefnd annast störf samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Jafnframt fer félagsmálanefnd með verkefni barnaverndarnefndar samkvæmt lögum nr. 58/1992 og verkefni öldrunarnefndar samkvæmt 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra.

7. gr.

6. töluliður 56. gr. B samþykktarinnar orðist svo:

Skólanefnd. Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara samkvæmt 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla. Jafnframt fer skólanefnd með verkefni leikskólanefndar samkvæmt lögum nr. 48/1991.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

7. mars 1994

Nr. 105

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið
1. september 1993 til 31. ágúst 1994.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðarrækja samtals:	7.050 lestir
þ.a. Eldey	600 lestir
þ.a. Arnarfjörður	850 lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp	2.500 lestir
þ.a. Húnaflói	1.000 lestir
þ.a. Skagafjörður	400 lestir
þ.a. Skjálfandi	800 lestir
þ.a. Öxarfjörður	900 lestir

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 330, 16. ágúst 1993 og reglugerð nr. 449, 27. október 1993.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. mars 1994

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.